

Reykjavík, 22. maí 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Barnaheill Save the Children á Íslandi telja frumvarpið jákvætt skref til að efla starfsnám ungs fólks hér á landi. Eins og bent er á í aths. við 2. gr. frv. hefur staða starfsmenntunar hingað til ekki verið nægilega sterk í samfélaginu. Aukin starfsmenntun og starfsnám getur tvímælalaust aukið hag ungs fólks, styrkt stöðu þeirra á vinnumarkaði og spornað við brottfalli í skóla.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Athugasemd við 2. grein frumvarpsins.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að gerðar verði meiri og skýrari kröfur um gæði starfsnáms, skipulag þess og framkvæmd en verið hefur.

2. Athugasemd við 3. grein frumvarpsins.

Í 2. grein frumvarpsins er fjallað um stjórn vinnustaðanámssjóðs og hverjir skulu eiga sæti þar. Barnaheill- Save the Children á Íslandi leggja til að auk þeirra aðila sem tilgreindir eru skuli fulltrúi nemenda eiga sæti í stjórn sjóðsins, s.s. fulltrúi frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, SÍF og/eða annarra samtaka nemenda í starfsnámi. Barnaheill- Save the Children á Íslandi telja mjög mikilvægt að nemendurnir sjálfir eigi aðkomu að stjórn sjóðsins. Þeir fái að tjá sig og hafa áhrif á eigin málefni. Slíkt er í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, lög um framhaldsskóla og aðalnámsskrá framhaldsskóla.

3. Athugasemd við 4. grein frumvarpsins.

Samkvæmt 4. grein frumvarpsins verður ekki hægt að kæra úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði til æðra stjórnvalds

Í 4. mgr.4. greinar er gert ráð fyrir að ráðherra setji úthlutunarreglur fyrir vinnustaðanámssjóð að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Barnaheill- Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að í slíkum reglum sé jafnræðis gætt og tryggt að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis, eða annarra stöðu námsmanns. Samtökin taka undir mikilvægi þess að samhliða sé farið yfir reglugerðir og samninga sem málið varðar auk námskráa og námsbrautarlýsinga starfsnáms.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson,
framkvæmdastjóri